

# Reglur um Klörusjóð

## 1. gr.

Markmið með nýsköpunar- og þróunarsjóði leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar er að stuðla að framþróun og á skóla- og frístundastarfi í Mosfellsbæ.

Framlög til sjóðsins ákvarðast af fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar hverju sinni.

## 2. gr.

Í nýsköpunar- og þróunarsjóðinn geta sótt einstaka kennarar, kennarahópar, aðrir fagaðilar sem starfa við skóla/frístund í Mosfellsbæ, einn skóli eða fleiri skólar/fagaðilar í sameiningu sem og fræðslu- og frístundasvið í samstarfi við skóla í Mosfellsbæ. Skólastjórar viðkomandi skóla skulu ávallt samþykkja umsóknina. Ef fleiri en einn skóli sækja sameiginlega um skulu allir skólastjórar gefa samþykki sitt. Umsóknir skal senda til Fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar í gegnum Þjónustugátt Mosfellsbæjar.

## 3. gr.

Úthlutað er úr sjóðnum einu sinni ári. Auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn í mars ár hvert. Í auglýsingu tilgreinir fræðslunefnd hverju sinni ákveðna áherslupætti sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil en einnig er opið fyrir önnur verkefni. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 15. apríl og þeim skal svarað fyrir 1. júní.

## 4. gr.

Umsóknir eru metnar af fræðslunefnd með hliðsjón af tengingu verkefnis við Menntastefnu Mosfellsbæjar. Tekið er mið af markmiðum verkefnisins, framkvæmdaáætlun, matsáætlun, kostnaðaráætlun og væntanlegum ávinningi þess fyrir skólastarf í Mosfellsbæ. Fræðslunefnd getur kallað eftir álitum utanaðkomandi fagaðila við afgreiðslu umsókna. Tillögur fræðslunefndar eru lagðar fyrir bæjarráð til staðfestingar.

## 5. gr.

Gerður er skriflegur samningur við styrkþega um verkefni sem hlýtur styrk þar sem fram koma; meginmarkmið verkefnis, ábyrgðarmaður verkefnis, skilgreindir áfangar og tímasetningar, mælanleg markmið, umsjónarmenn verkefnis og áætluð verklok. Einnig er þar tilgreindur styrkur sá sem verkefninu hefur verið úthlutað og hvernig staðið verður að greiðslum. Þegar verkefni inniheldur kaup á búnaði telst hann vera í eigu viðkomandi skóla.

## 6. gr.

Styrkþegi skilar greinargerð um verkefnið þegar því er lokið. Styrkþegi kynnir niðurstöður verkefnisins fyrir öðrum starfsmönnum og stjórnendum í leik- og grunnskólum eftir því sem við á sem og fræðslunefnd sé þess óskað. Mosfellsbær hefur heimild til að nýta sér efni verkefna og veita öðrum heimild til notkunar og til opinberrar birtingar á lokaskýrslum. Verði ekki af verkefninu eða verulegar breytingar verða á því eru styrkir endurkræfir. Miðað er við styrkir séu greiddir út innan árs frá úthlutunardegi en að öðrum kosti mega styrkþegar gera ráð fyrir að styrkir falli niður, nema um annað hafi verið samið.

Samþykkt á 843. fundi bæjarstjórnar 24. janúar 2024.

